

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1912.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 11. apríl 1912 (A nr. 1, bls. 2—3).

Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar 15. júlí 1912, undirskrifuð af konungi 6. maí 1912 (A nr. 2, bls. 4—5).

Opið brjef, er kunngjörir ríkistöku Kristjáns konungs hins Tíunda, undirskrifuð af konungi 15. maí 1912 (nr. 3, bls. 6—7).

Auglýsing um fangamark konungs, undirskrifuð af forsætisráðherranum 15. maí 1912 (A nr. 4, bls. 8—9).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um skifting húsa- víkurhrepps í tvö sveitarfjölög. 72

4. júní

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 26. febr. þ. á., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjölög, ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir.

1) Húsavíkurhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skal skift í tvö sveitarfjölög, sem heiti Húsavíkurhreppur og Tjörneshreppur, og skulu takmörk hins nýja Húsavíkurhrepps (þess sveitarfjelags, sem kaupúnið er í) vera landamerki prestsetursins Húsavíkur með Þorvaldsstöðum, móts við Kaldbak og Skörð að sunnan, Fjöll að austan og Hjeðinshöfða og Bakka að norðan.

2) Öllum sveitarþyngslum hins núverandi Húsavíkurhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Húsavíkurhrepps komi $\frac{7}{10}$ hlutar, og í hlut Tjörneshrepps $\frac{3}{10}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

Hreppssjóði þeim, er verða kann er skiftingin fer fram, skal skift eftir sömu hlutföllum og fátækraframfærinu eða 0.7 í hlut Húsavíkurhrepps og 0.3 í hlut Tjörneshrepps. Það sem innheimtast kann af útistandandi þurfamannastyrk skal einnig skift milli hreppanna eftir sama hlutfalli.

Eignum og skuldum hins núverandi hrepps skal að öðru leyti skift þannig:

Símahúsið skal fyrst um sinn vera sameiginleg eign hreppanna og setjast í stand á sameiginlegan kostnað áður en fjárskiftin fara fram til fullnaðar, til þess það geti fullnægt þeim skuldbindingum, sem á hreppnum hvila í heild sinni, bæði gagnvart símastjórn og bókasafni sýslunnar. Enga leigu skal Húsavíkur-

72 hreppur greiða Tjörneshreppi af húsinu svo lengi sem starfræksla símans er rek-
 in á kostnað hreppsins að öðru leyti en því, að Húsavíkurhreppur leggur Tjörneshreppi til leigulaust húsnæði á Húsavík til opinberra hreppsfunda. Starfræksla símans annast Húsavíkurhreppur að undanskildu húsnæðinu. Leggist starfræksla símans niður, eða breytist svo, að eigi sje þörf fyrir húsið, leitast hreppsnefndirnar í samráði við að koma húsinu í verð, og skiftist þá andvirðið þannig, að í hlut Húsavíkurhrepps komi $\frac{7}{10}$ og í hlut Tjörneshrepps $\frac{3}{10}$ hlutar.

Bæjarhús í Prestholti, Helgugerði og Mói, skulu fyrst um sinn vera sameiginleg eign hreppanna, og notast í þarfir beggja, eins og verið hefir.

Af baðkerum hins núverandi hrepps gangi 2 til Húsavíkurhrepps, en 4 til Tjörneshrepps.

Allar bækur hins núverandi hrepps skulu fylgja Húsavíkurhreppi hinum nýja með frjálsum aðgangi fyrir Tjörneshrepp þegar hann þarfnast, en þær má ekki flytja burt af Húsavík; bækur þær, sem hvor hinna nýju hreppa er skyldur að halda að lögum, skulu keyptar á sameiginlegan kostnað af sjóði hins núverandi hrepps, áður en skiftingin fer fram.

Skólahúsið á Húsavík skal vera óátalin eign hins nýja Húsavíkurhrepps, og tekur hann að sjer greiðslu allra skulda, sem á húsinu hvíla.

Afborgun og vexti af símaláni því, sem hvílir nú á hinum núverandi hreppi, ber Húsavíkurhreppur að $\frac{5}{6}$ og Tjörneshreppur að $\frac{1}{6}$ hluta.

Skuld hreppsvegasjóðsins, eins og hún verður þegar skiftingin fer fram, tekur Húsavíkurhreppur að sjer án endurgjalds frá Tjörneshreppi.

Öllum öðrum eignum og skuldum en þeim, sem getur um hjer á undan og tilheyra eða hvíla á hinum núverandi hreppi, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Húsavíkurhrepps komi $\frac{7}{10}$ og í hlut Tjörneshrepps $\frac{3}{10}$ hlutar.

4) Aðskilnaður hreppanna skal fara fram þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig kveður á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Húsavíkurhreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

73 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um hlunnindi handa**
 18. júní **sparisjóði Húnavatnssýslu.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðs Húnavatnssýslu, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem